



Akureyrarbær

Skýrsla um aukna  
starfsemi og þjónustu  
í félagsstarfi  
fullorðinna sumarið  
2020 vegna COVID-19

## STYRKIR FRÁ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI VEGNA COVID – 19

Félagsmálaráðuneytið auglýsti styrki sem sveitarfélög gátu sótt í fyrir hópa sem höfðu fengið skerta þjónustu þá mánuði sem Covid-19 setti svip sinn á lífið í landinu og voru í viðkvæmri stöðu. Um var að ræða þrjú verkefni fyrir mismunandi hópa; fyrir fullorðið fólk, fyrir börn í viðkvæmri stöðu og fyrir fullorðið fatlað fólk. Akureyrarbær sendi inn umsóknir um öll verkefni og fékk úthlutað fjárhæð í öll verkefni.

### Fullorðið fólk

Samkvæmt bréfi félags- og barnamálaráðherra dags. 20. maí sl. var við útteilingu fjármagns horft til fjölda 67 ára og eldri í sveitarfélaginu\*1.600 kr. Miðað er við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2020. Akureyrarbær fékk kr. 4.144.000 inn á reikning sveitarfélagsins. Hér verður gerð grein fyrir verkefnum sem voru framkvæmd af Akureyrarbæ:

1. *Átaksverkefni í heimaþjónustu (búsetusvið Akureyrarbæjar)*
2. *Efling félagsstarfs fullorðinna (Öldrunarheimili Akureyrarbæjar)*
3. *Betri líðan námskeið fyrir 67 ára og eldri (samfélagssvið Akureyrarbæjar)*

Kostnaður samfélagssviðs	1.712.624
Kostnaður búsetusviðs	1.071.000
Kostnaður ÖA	1.487.000
Samtals:	4.270.624

Mynd 1 Kostnaður við verkefni Akureyrarbæjar

## ÁTAKSVERKEFNI Í HEIMAÞJÓNUSTU (1)

Markmið verkefnisins var að kanna andlega líðan einstaklinga 65 ára og eldri á Covid-tíma með því að hringja í þá. Verkefnið náði yfir fimm vikna tímabil.


Fyrsta vikan fór í að skipuleggja og kynna fyrir starfsmönnum tilgang verkefnisins, þjálfun í síma-samtali og yfirferð á kynningartexta sem notaður var í verkefninu. Fundað var vikulega og farið yfir þau atriði sem starfsmenn höfðu áhyggjur af. Starfsmenn höfðu greiðan aðgang að aðstoð og stuðningi alla daga verkefnisins. Einstaka samtal var erfitt en þá gátu starfsmenn leitað eftir og fengið viðeigandi stuðning og leiðbeiningar. Samtöl, sem metin voru þess eðlis að þurfa frekari eftirfylgni og eða faglega ráðgjöf var vísað áfram til fagaðila og ekki á ábyrgð starfsmannanna að vinna frekar úr þeim málum.

Markhópurinn voru 65 ára og eldri sem höfðu félagslega heimaþjónustu, 20 klukkustundir eða minna á mánuði. Flokkað var eftir fjölskylduaðstæðum og útbúinn listi til að vinna eftir og forgangsraðað hverja yrði hringt í fyrst. Í forgangi voru þeir sem bjuggu einir og voru 80 ára og eldri, þar á eftir 65 til 80 ára og að lokum fólk í sambúð.

Skipulagt var að allir fengu þrjár hringingar og þeim boðin heimsókn fagmanns. Í lokaviku verkefnisins var seinni bylgja faraldursins farin að hafa áhrif með auknum sóttvörnum og takmörkum og því engum boðin heimsókn í þriðja símtalinu.


365 einstaklingar voru í markhópnum, þar af náðist samband við 313 einstaklinga.

23% fengu eitt símtal og töldu sig ekki hafa þörf á að fá aðra hringingu né heimsókn. Þeir töldu líðan sína góða og voru sáttir með sitt. 59% fengu tvö símtöl og 18% fengu þrjú símtöl. Í heildina voru því 77% sem fengu fleiri en eitt símtal. Af heildarhópnum voru 15% sem þáðu heimsókn.



Mynd 2 Fjöldi símtala og heimsókna í átaksverkefni

Í samtölum við 39 einstaklinga eða um 12% kom fram ósk um frekari aðstoð og var í þeim tilfellum haft samband við heimaþjónustu eða heimahjúkrun til úrlausnar þeirra mála.



Mynd 3 Eðli frekari aðstoðar og fjöldi þeirra sem þurfti hana

Í heildina var mikil ánægja með að haft væri samband við íbúana fólk taldi átakið sýna að þjónustan væri góð. Margir nefndu að almennt væri veitt góð þjónusta hjá Akureyrarbæ og lýsti ánægju með hana. Þegar spurt var út í aðstæður þeirra meðan Covid-19 var töldu langflestir sig ekki upplifa einangrun né hafa verið í vanda. Það gæti gefið vísbendingu um að vel hafi verið haldið utan um hópinn þegar ástandið var sem verst og að fólk hafði aðstandendur og/eða vini sem aðstoðuðu. Nokkrir nefndu

að vinir annars staðar af landinu hefðu sérstaklega haft samband til að tala um þetta átak sem Akureyrarbær væri með.

Tilgangur verkefnisins var að huga að aðstæðum eldra fólks og áhrif Covid-19 á líðan þess og aðstæður. Einnig var tilgangur samtalsins að draga úr kvíða og gefa þeim til kynna að það væri hlustað á þau, kanna aðstæður og þörf fyrir aðstoð vegna hugsanlegrar einangrunar vegna faraldursins. Almenn ánægja var með símtölin og fannst fólki mikið öryggi í þeim. Er það mat þeirra sem komu að verkefninu að þörf sé á áframhaldandi stuðningi með símtölum, bæði vegna stöðunnar í dag og þeirrar óvissu sem ríkir um framhald faraldursins. Í lokaviku verkefnisins þegar seinni bylgja faraldursins hófst var það áberandi að þeir sem hringt var voru hræddara en áður.

Starfmenn verkefnisins voru sammála um að verkefnið hefði gengið vel og mjög gefandi og gaman að taka þátt í því.

Til verkefnisins voru ráðnir þrír starfsmenn í samtals 2,6 stöðugildi. Kostnaður búsetusviðs Akureyrarbæjar er kr. 1.071.000.

## EFLING FÉLAGSSTARFS FULLORÐINNA (2)

Markmið verkefnisins var að gera fullorðnum einstaklingum kleift að ferðast og njóta landsins. Verkefnið fólst í því að ráða inn leiðsögumann sem myndi skipuleggja ferðir fyrir fullorðinna einstaklinga sem eru búsettir á Öldrunarheimili Akureyrar. Með þessu gætu fullorðnir einstaklingar fengið tækifæri til að ferðast með sínum jafnöldrum með atvinnu leiðsögumanni og til þess bærum aðilum til að mæta líkamlegum þörfum, sé þörf á því.

Verkefninu var í byrjun skipt í tvennt; annarsvegar skipulagðar ferðir, opnar öllum eldri borgurum á stór Eyjafjarðarsvæðinu og hins vegar skipulagðar ferðir fyrir íbúa og notendur þjónustu hjá Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar.

FERÐ	DAGS
HJALTEYRI, HAUGANES	30.06.
	02.07.
	03.07.
SVALBARÐSEYRI, GRENIVÍK, DALSMYNNI	07.07.
	09.07.
	10.07.

Mynd 4 Skipulagðar dagsferðir ÖA

Þegar verkefnið fór af stað og ferðir voru skipulagðar þá kom í ljós að aðsókn í auglýstar ferðir, fyrir alla íbúa stór Eyjafjarðarsvæðisins, var ekki mikil og var því ákveðið að breyta um stefnu. Ákveðið var að leiðsögumaður myndi skipuleggja ferðir fyrir íbúa og notendur ÖA eingöngu. Leiðsögumaðurinn tók það síðan að sér að fara í ferðir með íbúa og notendur heimilanna sem og notendur í dagþjálfun og skipti sér niður á daga á heimili. Fór leiðsögumaðurinn í ferðir daglega innan ÖA með íbúa og notendur og var mikill áhugi fyrir ferðunum. Það var það mikill áhugi á þessum ferðum að stundum varð að fara nokkrar ferðir á dag til að mæta þeim þörfum sem var til staðar á hverjum tíma. Hver skipulögð ferð

tók um 1 ½ - 2 tíma og var farið þrisvar sinnum í viku í sömu ferð þ.e. hver eining fyrir sig. Starfsfólk frá ÖA fór með í allar ferðirnar og aðstoðaði.

Hátt í 500 einstaklingar fóru í ferðir, bæði íbúar ÖA sem og íbúar á stór Eyjafjarðarsvæðinu. Þó nokkuð margir fóru oftár en einu sinni og sumir oftár en tvisvar. Mikil ánægja var með ferðirnar en það tók tíma í upphafi verkefnisins að koma þessu inn í daglegt amstur. Þegar það tókst þá gekk allt þetta verkefni smurt fyrir sig.

Vegna lokunar í iðju- og félagsstarfi frá 13. júlí var boðið uppá ferðir á heimilisbíl ÖA, þá með 2-3 íbúa af hverju heimili fyrir sig. Þetta var skipulagt af starfsfólki iðju- og félagsstarfs og frá hvaða heimili hvenær en annars í höndum leiðsögumanns og forstöðumanna hvert var farið.

Í sumar var þessi nýjung líka í Lögmannshlíð, tvisvar í viku og tveim til þrem íbúum boðið út á rúntinn og á kaffihús eða annað sem var óskað eftir, t.d. ísrúnt. Þessar ferðir vöktu mikla lukku og íbúar tóku mjög vel í þessa nýjung. Stór prósentu íbúa eða um 50% fór allavega einu sinni og sumir fóru oftár. Allir sem komu úr ferðunum voru afar ánægðir og glaðir og var óskað eftir að halda þessu áfram. Starfsfólk hafði tal af því hversu góð áhrif þetta hafði á íbúa og litaði jafnvel allan daginn, eftir að hafa farið út í bíltúrinn og sá gleðina á andlitum íbúa.

Ráðinn var starfsmaður til verkefnisins á tímabilinu 11.6. – 14.8. 2020. Haft var samráð við Vinnuálastofnun sem kom með nafn á leiðsögumanni sem gengið var frá ráðningu á. Vinnuálastofnun kom síðan að verkefninu með mótframlagi á meðan á verkefninu stóð. Starfsmaðurinn fékk til afnota farsíma og skrifstofuaðstöðu á vegum Öldrunarheimilanna.

Kostnaður Öldrunarheimila Akureyrar við verkefnið var kr. 1.487.000.

### BETRI LÍÐAN NÁMSKEIÐ FYRIR 67 ÁRA OG ELÐRI (3)

Markmið verkefnisins var að ná til sem flestra eldri borgara með fjölbreyttum og skemmtilegum námskeiðum sem stuðla að betri líðan, andlegri og líkamlegri. Haft var samband við alla aðila á Akureyri sem bjóða upp á ýmiskonar hreyfingu, en sérstaklega var lögð áhersla á 67 ára og eldri. Niðurstaða úr þeirri vinnu var sú að sjö aðilar sýndu verkefninu áhuga og vildu taka þátt í að auðga líf eldri borgara á þessum erfiðu tímum, með þessu skemmtilega og gefandi verkefni sem var í senn tengt heilsu- og menningarlegum viðburðum.

Markhópurinn var eldri borgarar, 67 ára og eldri. Þó var sérstaklega reynt að ná til þeirra sem eiga erfitt um vik að komast í annað félagslíf.

Útbúin var dagskrá með samstarfsaðilum með framboð af námskeiðum í júní, júlí og ágúst. Auglýsingar birtust í bæjarblaði, á vefsíðu og facebooksíðu Akureyrarbæjar. Þátttaka eldri borgara var mjög góð og voru eftirfarandi námskeið í boði.

Alls sóttu á fjórða hundrað manns námskeið sem stuðla að betri líðan, andlegri og líkamlegri. Vinsælastar voru léttu göngurnar með leiðsögn um Akureyri, en fjölbreytnin í námskeiðsframboði virtist skipta máli því að öðru leyti var frekar jöfn dreifing þátttakenda á námskeiðunum.

NÁMSKEIÐ	TÍMASETNINGAR	SAMSTARFSADILI	FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA
<b>Léttar æfingar, góðar teygjur með dass af gleði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Júlí, ágúst, september</li> <li>✓ þriðjudagar</li> <li>✓ fimmtudagar</li> <li>✓ Kl. 10:30-11:30</li> </ul>	Gaman saman	45
<b>Léttar göngur með leiðsögn um Akureyri</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ júní</li> <li>✓ miðvikudagar</li> <li>✓ Kl. 10-11:30</li> </ul>	Herdís Zophoníasardóttur	254
<b>Jóga með Rósu Matt</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ júlí og ágúst</li> <li>✓ föstudagar</li> <li>✓ kl. 10-11</li> </ul>	Rósa Matthíasdóttir	96
<b>Ræktin með Norður Ak</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ júlí og ágúst</li> <li>✓ mánudagar, þriðjudagar, fimmtudagar</li> </ul>	Norður Ak, líkamsræktarstöð	15
<b>Líkamsræktin Bjarg</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ 3.júní -19. ágúst</li> <li>✓ miðvikudagar</li> <li>✓ kl. 11:00</li> </ul>	Líkamsræktarstöðin Bjarg	47

**Mynd 5 Yfirlit yfir "Betri líðan" námskeið**

Mikil ánægja var með framtakið meðal eldri borgara og ljóst að þeir nutu sín í margskonar samveru og heilsueflingu. Námskeið sem þessi eru hrein viðbót við hefðbundið félagsstarf og uppbot á hverdeginum sem virðist falla í mjög góðan jarðveg.

Kostnaður Akureyrarbæjar var kr. 1.712.624.